

Til aðildarféлага Skáksambands Íslands

Reykjavík, 27. apríl 2017

FUNDARBOÐ

Stjórn Skáksambands Íslands boðar hér með til aðalfundar Skáksambandsins í samræmi við 8. gr. laga S.Í.

Fundurinn verður haldinn laugardaginn 27. maí nk. kl. 10.00 fyrir hádegi í Faxafeni 12, Reykjavík.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnir aðildarfélaganna eru vinsamlegast beðnar að senda félagatal til Skáksambands Íslands í pósth. 8354, 128 Reykjavík eða á netfang skaksamband@skaksamband.is fyrir 13. maí 2017.

Bréf þetta er sent ásamt gögnum í samræmi við 9. gr. laga S.Í., en sú grein hljóðar svo:

Við atkvæðagreiðslu á aðalfundi á hvert félag eitt atkvæði enda hafi það a.m.k. 10 félagsmenn með lögheimili á Íslandi í Keppendaskrá Skáksambandsins tveim vikum fyrir aðalfund. Eitt atkvæði bætist við hjá félagi fyrir hverja sveit sem það sendir í Íslandsmót skákfélaga það árið. Við atkvæðagreiðslu um kjörbréf í upphafi fundar skal gilda sú regla, að hvert félag fari ekki með fleiri atkvæði en það hafði á aðalfundi árið áður. Enginn fulltrúi getur farið með meira en eitt atkvæði á fundinum. Við atkvæðagreiðslur á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða, nema um þau mál sem sérstaklega eru tilgreind í þessum lögum.

Einnig skal bent á 6. grein:

Standi aðildarfélag í gjaldfallinni skuld við sambandið hefur það ekki rétt til að eiga fulltrúa á aðalfundi. Skákdeildir í félögum geta átt aðild að sambandinu, enda hafi þá minnst 10 menn bundist slíkum samtökum. Heimilt er tveimur eða fleiri aðildarfélögum í sama landshluta að stofna með sér svæðissamband.

Taflfélögunum gefst kostur á að birta stutta skýrslu um starfsemi sína á síðasta starfsári í árrsskýrslu Skáksambands Íslands. Hafi félögin áhuga á þessu þarf efni að hafa borist skrifstofu S.Í. í síðasta lagi 13. maí 2017

Hjálagt: Lagabreytingatillaga

Virðingarfyllst,
SKÁKSAMBAND ÍSLANDS